



Febrúar 2021

HVATARBLADIÐ

Þorrablót í leikskólanum



497. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 20. janúar kl. 13:00 - 17:10 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarni Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerðir

a) Fundargerð 208. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita,
22. desember 2020.

Mál nr. 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12 og 16 þarfnast staðfestingar
sveitarstjórnar.

Lögð fram 208. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett
22. desember 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu
sveitarstjórnar;

**Mál nr. 6: 2012022 - Kiðjaberg lóð 114 L200172; Stækkun
byggingarreits; Fyrirspurn.**

Lögð er fram fyrirspurn er varðar stækkun byggingarreits á lóð
Kiðjabergs lóð 114.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að umsókn um stækkun
byggingarreits verði hafnað. Samkvæmt gr.5.3.2.12 skipulagsreglugerðar
nr. 90/2013 skal ekki byggja nær lóðarmörkum en 10 metra innan
frístundasvæða. Sveitarstjórn telur að sú takmörkun eigi jafnt við að
mörkum aðliggjandi lóða sem og að vegum. Mælt er til þess við
umsækjanda að staðsetja húsið innan byggingarreits lóðar í samræmi
við deiliskipulag svæðisins.

**Mál nr. 7: 2010071 - Krókur L170822; Gufuafsvirkjun á Folaldahálsi;
Skilgreining iðnaðarsvæðis; Deiliskipulag.**

Lögð er fram tillaga deiliskipulags vegna Gufuafsvirkjunar á Folaldahálsi
í landi Króks L170822. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir þremur
borholum ásamt gufuskilju, gufuháf ásamt gufulögnum og öðrum búnaði
gufuafsvirkjunar auk stöðvarhúss og kæliturnar. Gert er ráð fyrir því að 11
kV jarðstrengur verði lagður um 7 km leið að bænum Króki.
Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 8: 2012023 - Ásborgir 44 og 46 L199041 og L199042; Sameiningar lóða; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Grímsborgum ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi Ásborga í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í breytingunni felst sameining lóða Ásborga 44 L199041 og Ásborga 46 L199042 sem báðar eru verslunar- og þjónustulóðir. Að sameiningu lokinni fær lóðin staðfangið Ásborgir 44 og verður 12.413 fm að stærð. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 9: 2012021 - Minni-Borg Baula (L169146); umsókn um byggingarleyfi; gestahús.

Fyrir liggur umsókn Höllu H. Hamar fyrir hönd Önnu Ó. Sigurðardóttur og Stefáns Hrafnkelssonar, móttækin 11.12.2020 um byggingarleyfi til að byggja 62 fm gestahús á íbúðarhúsalóðinni Minni-Borg Baula L169146 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 10: 2010070 - Krókur L170822; Gufuafsvirkjun á Fólaldahálsi; Skilgreining iðnaðarsvæðis; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna gufuafsvirkjunnar á Fólaldahálsi í landi Króks, L170822. Í breytingunni felst skilgreining iðnaðarsvæðis á Fólaldahálsi fyrir gufuafsvirkjun. Raforkuframleiðsla er áætluð allt að 3,9 MW sem nýtt verður fyrir sumarhúsabyggð og mögulega aðra starfsemi í landi Króks.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 11: 2009076 - Eyvík 2 L168241; Eyvík 3; Stofnun lóðar.

Uppfært lóðablað lagt fram til kynningar þar sem hnitpunktur 4 hefur verið færður til eftir breyttu samkomulagi. Línan á milli punkta 3 og 4 er þar með á mörkum Eyvíkur og Eyvíkur II og stækkar lóðin úr 5.153 fm í 5.688 fm við breytinguna. Fyrir liggur undirritað samþykki eigenda beggja jarða á uppfærðu lóðablaði móttækið 22.12.2020.

Grenndarkynning á því að á lóðinni verði byggt íbúðarhús lauk með athugasemdarfresti til 21.12.2020 og bærast engar athugasemdir.

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við uppfærð gögn málsins. Skipulagsfulltrúa falið að ljúka málinu. Smári Bergmann Kolbeinsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 12: 2012010 - Nesjar; Stapavík L170904; Frístundalóðir; Deiliskipulag.

Lögð er fram umsókn frá Höskuldi Darra Ellertssyni er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til lóðarinnar Stapavík L170904 að Nesjum. Í deiliskipulaginu felst skilgreining þriggja lóða auk byggingarheimilda. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Þar sem um áður ódeiliskipulagt svæði er um að ræða telur sveitarstjórn samþykkt þess ekki stangast á við stefnumörkun aðalskipulags er varðar uppskiptingu lóða innan sumarhúsaferfa.

Mál nr. 16: 2012002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 20-133.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. desember 2020.

b) Fundargerð 209. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 13. janúar 2021.

Mál nr. 10, 11, 12, 13 og 22 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 209. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 13.

janúar 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 10: 2012039 - Grænahlið; Efri-Brú; Hliðrun lóða og skilmálabygging; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Landhönnun slf. f.h. landeigenda Grænuhliðar er varðar breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Í breytingunum felst hliðrun á lóðum og grænum svæðum innan skipulagssvæðisins auk breytinga á greinargerð þar sem settar eru fram nánari kvaðir varðandi útlit og eðli bygginga og lóðaframkvæmda.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 11: 2012041 - Eyvík 1 (L225230); umsókn um byggingarleyfi; garðstofa.

Fyrir liggur umsókn Smára B. Kolbeinssonar og Írisar Gunnarsdóttir, móttækin 30. desember 2020 um byggingarleyfi fyrir garðstofu 37,5 fm við íbúðarhúsið í Eyvík 1 (L225230) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á íbúðarhúsi eftir stækkun verður 207,1 fm.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Smári Bergmann Kolbeinsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 12: 2011059 - Stangarbraut 20 L202435; Breyting á byggingareit; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Sigurði Halldórssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Öndverðarness, Kambshverfi.

Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðarinnar er skilgreindur í 10 m fjarlægð frá lóðarmörkum til norðurs, að vegslóða í stað 20 m. Tilgangur stækkunar er m.a. að vernda hól sem er innan byggingarreits fyrir jarðraski. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um uppfærð gögn í samráði við skipulagsfulltrúa UTU. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt.

Mál nr. 13: 2012035 - Nesjar (Réttarháls 10) L170889; Staðfesting á afmörkun og breytt heiti lóðar.

Lögd er fram umsókn Einars S. Ingólfssonar, dags. 19. desember 2020, um staðfestingu á afmörkun og heiti lóðarinnar Nesjar L170889 skv. meðfylgjandi lóðablaði. Óskað er eftir að lóðin fái heitið Réttarháls 10. Stærð lóðarinnar mælist 2.364 fm skv. afmörkun og er í samræmi við skráningu í fasteignaskrá. Þá er óskað eftir að ekki verði gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við staðfestingu á legu lóðar og breytt staðfang skv. fyrirliggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið með fyrirvara um samþykki á hnitsettri afmörkun þar sem við á.

Mál nr. 22: 2012004F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-134.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. janúar 2021.

c) Fundargerð ársfundar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, 11. desember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 5. janúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 3. fundar starfshóps um sameiginlega vatnsveitu Uppsveita, 6. janúar 2021.

Lögd fram 3. fundargerð starfshóps um sameiginlega vatnsveitu Uppsveita, dagsett 6. janúar 2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í áframhaldandi hönnun og útfærslu á sameiginlegri vatnsveitu í Uppsveitum. Samhlíða þessari vinnu verða aðrir valkostir skoðaðir við vatnsöflun. Ragnar Guðmundssyni umsjónarmanni aðveitna og Smára Bergmann Kolbeinssyni formanni veitunefndar falið að vinna áfram að málinu.

f) Fundargerð 18. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 15. desember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 9. fundar bygginganefndar Búðarstígs 22, 15. desember 2020

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð fundar lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, 15. desember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 24. fundar stjórnar Bergrisans, 9. desember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 25. fundar stjórnar Bergrisans, 14. desember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 565. fundar stjórnar SASS, 4. desember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð 892. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 11. desember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Erindi til sveitarfélagsins Árborgar um sameiginlega vatnsöflun. Ræddir voru kostir um vatnsöflun í sveitarfélaginu og mögulegt samstarf við Sveitarfélagið Árborg um sameiginlega vatnsöflun. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita að senda erindi til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar.

3. Erindi frá þresti Sigurjónssyni um umferðarrétt að lóðinni Stóru-Borg lóð 7 (L218051).

Fyrir liggur bréf frá þresti Sigurjónssyni, dagsett 13. janúar 2021, þar sem óskað er eftir vilyrði fyrir umferðarrétti frá Sólheimavegi um Oddsholtsveg að línuvegi út í lóðina Stóru-Borg lóð 7 (L218051). Lóðin er skilgreind sem frístundasvæði í aðalskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita og skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Björn Kristinn Pálmarsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

4. Erindi frá stjórn Bergrisans bs. vegna viðaukasamnings við Sólheima SES.

Fyrir liggur beiðni frá stjórn Bergrisans bs., dagsett 6. janúar 2021, um gerð viðaukasamnings um þjónustu við einstakling með sértækar þjónustuparfir og lán til uppbyggingar á sértæku húsnæði á Sólheimum. Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

5. Erindi til sveitarstjórnar frá Magnúsi Ingberg Jónssyni vegna Lyngdals (L168232).

Fyrir liggur erindi frá Magnúsi Ingberg Jónssyni, dagsett 28. desember 2020, þar sem óskað er eftir tilboði frá sveitarfélaginu í jörðina Lyngdal (L168232).

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela formanni veitunefndar, Smára Bergmann Kolbeinssyni að vinna málið áfram. Ingibjörg Harðardóttir vék sæti við afgreiðslu málsins.

6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki II í Vesturbrúnum 4 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 11. janúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfis til sölu gistingar í flokki II í Vesturbrúnum 4 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er í skipulagðri frístundabyggð.

7. Erindi frá Hrunamannahreppi vegna vinnuhóps um uppbyggingu hjúkunarheimilis í Uppsveitunum.

Fyrir liggur erindi frá Hrunamannahreppi, dagsett 17. desember 2020, þar sem óskað er eftir fulltrúum frá sveitarfélaginu í sameiginlegan vinnuhóp um uppbyggingu hjúkunarheimilis í Uppsveitum Árnessýslu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir og Björn Kristinn Pálmarsson verði fulltrúar sveitarfélagsins í vinnuhópnum.

8. Beiðni um styrk frá Ferlir vegna heimasíðunnar www.ferlir.is.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá vefsíðunni www.ferlir.is að fjárhæð 7.900 kr. til að viðhalda vefsíðunni. Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða.

9. Áskorun frá Samtökum grækera á Íslandi varðandi framboð grænkerafæðis í skólum.

Fyrir liggur áskorun frá Samtökum grækera á Íslandi, dagsett 29. desember 2020, um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum. Erindið lagt fram til kynningar.

10. Upplýsingar frá Landgræðslunni um uppgræðslu í samstarfsverkefnum í sveitarfélaginu á árinu 2020.

Fyrir liggur bréf frá Landgræðslunni, dagsett 23. desember 2020, þar sem kynnt er hvaða uppgræðsluverkefni hafa verið unnin í samstarfsverkefnum í sveitarfélaginu á árinu 2020. Lagt fram til kynningar.

11. Lokaskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning.

Fyrir liggur erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. desember 2020, þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórna til eins opinbers stuðningskerfis við leigjendur. Lokaskýrsla um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning fylgir. Sveitarstjórn telur jákvætt að einfalda stuðningskerfi við leigjendur.

12. Tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna COVID-19.

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

dagsett 15. desember 2020, varðandi tillögur Velferðarvaktarinnar til sjórvalda í mótvægisáðgerðum vegna Covid-19 faraldursins. Lagt fram til kynningar.

13. Opinber kynning Umhverfisstofnunar á drögum að vatnaáætlun, aðgerðaráætlun, vöktunaráætlun og umhverfisskýrslu vatnaáætlunar.

Lagt fram til kynningar.

14. Beiðni Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um umsögn á drögum að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032.

Afgreiðslu málsins frestað.

15. Beiðni Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um umsögn á drögum að frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins á sveitarfélög.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

16. Beiðni Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um umsögn á „Grænbók um byggðamál“.

Lagt fram til kynningar.

17. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Hálandisþjóðgarð, 369. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er sammála um að vernda þurfi víðerni miðhálandis Íslands sérstaklega í ljósi þessi að hér eru ein stærstu víðerni Evrópu og verðmæti þeirra því mikið. Sveitarstjórn telur að fara þurfi enn dýpra í nokkur atriði innan frumvarpsins, má þar nefna skipulagsvald sveitarfélaganna, starfsmannamál innan rekstrarsvæða og vinnu við tillögur á stjórnunar- og verndaráætlun. Stofnun Hálandisþjóðgarðs er málefni allra landsmanna og liggur því fyrir að skapa þurfi víðtæka sátt um verkefnið. Það er því mat sveitarstjórnar að til að fá meiri sátt um verkefnið þurfi að hægja á ferðinni og vinna enn nánar að hugmyndafræðinni í samráði við sveitarfélögin.

18. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, 354. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

19. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Barna- og fjölskyldustofu, 355. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

20. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, 356. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

21. Beiðni Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu, 360. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

22. Beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um kosningalög, 339. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

UPPSVEITADEILD LOGA, SMÁRA OG TRAUSTA



ATH!! BREYTT DAGSKRÁ 2021 ATH!!

26. MARS	FJÓRGANGUR
16. APRÍL	FIMMGANGUR
30. APRÍL	TÖLT & SKEIÐ

 Endilega fylgist með fréttum og tilkynningum á facebooksíðu Uppsveitadeildarinnar.



Sýnir beint frá keppniskvöldunum í vetur.



Þessa fallegu mynd tók Magnús Hlynur í síðustu viku. Hún minnir okkur á að nú er daginn tekin að lengja og vorið á næsta leyti.

Fréttamenn 1. bekkjar

Dýraspjall við Árna og Baldur

Við erum mjög hrifnir af hundum og kisum. Árni átti hund sem heitir Ýmir en hann fór í burtu. Árni hefur saknað Ýmis, en pabbi Árna hefur samt saknað Ýmis miklu meira. Sem betur fer er Ýmir að koma aftur til Árna, kannski á morgun. Árni á síðan eina kisu sem heitir Ariel.

Baldri langar mikið í hund, en langar ekki að þurfa alltaf að fara út að labba með hundinn. Það er mikilvægt að fara oft út með hundinn svo hann fái frískt loft. Pabbi Baldurs er með ofnæmi fyrir kisum en hann langar mikið í hund. Mamma Baldurs vill ekki fá gæludýr.

Blaðamenn: Baldur Snær Bragason og Árni Kristinn Guðnason



Vinirnir skoða hundabók saman



Árni Kristinn með dýrin sín.

Fuglunum gefið

Í útinámi elsta og miðstigs Kerhólsskóla er tekist á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Eitt af þeim er að gefa smáfuglunum mat í sérstökum netpokum, sem hengdir eru á trjágreinar. Fuglarnir eru fljótir að sjá pokana og byrja að éta úr þeim af mikilli ákefð.

Verkefnið hefur heppnast einstaklega vel og finnst nemendum alltaf jafn gaman að fara út í skóg til að fóðra fuglana.

Á meðfylgjandi myndum er Alice, kennari að afhenda nemendum fóður og svo eru vinkonurnar Katla (t.v.) og Ingibjörg búnar að hengja upp poka fullan af fóðri á eina trjágrein.

Magnús Hlynur.



VILTU VINNA EINSTAKT STARF?

Grímsnes – og Grafningshreppur leitar að jákvæðu og duglegu starfsfólki til að sinna liðveislu við fullorðna einstaklinga í daglegu lífi innan og utan heimilis.

Markmið þjónustunnar er að veita persónulega og einstaklingsmiðaða þjónustu sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun.

Um er að ræða starf sem miðar að hvatningu við félagslega þátttöku, tómstundir og uppbyggilega samveru.

Hæfniskröfur:

Umsækjandi
þarf að hafa bíl til umráða.

- Jákvæðni og áhuga á að starfa með fötluðum einstaklingum.
- Frumkvæð og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Þolinmæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Stundvísi, samviskusemi og reglusemi.
- Gott er að umsækjandi hafi reynslu af starfi með fötluðum en þó ekki skilyrði.
- Umsækjandi þarf að hafa náð 20 ára aldri.
- Æskilegt er að töluð sé íslenska.

Um er að ræða tímavinnu.

Vinnutími er breytilegur og fer eftir samkomulagi við þjónustunotanda.

Frekari fyrirspurnir má senda á gogg@gogg.is.

Umsóknum skal fylgja ferilskrá.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsókn þarf að berast fyrir 8. febrúar 2021 á netfangið gogg@gogg.is.



Lögreglan og Umboðsmaður barna koma í heimsókn

Frístundaklúbbur sveitarfélagsins fyrir nemendur 5. til 7. bekkjar í Kerhólsskóla eru kominn á fullt á nýju ári með starfsemi eftir hádegi alla miðvikudaga frá 14:10 til 16:00. Klúbburinn er nú kominn í nýtt og glæsilegt húsnæði á efri hæð Félagsheimilisins Borg við hlið húsvarðaríbúðarinnar. Þar er búið að koma fyrir sófasettum, borðum, stólum, tölvu og fleiru, sem klúbburinn þarf á að halda.

Umsjónarmenn klúbbsins eru Magnús Hlynur Hreiðarsson og Unnur Malín Sigurðardóttir.


Tólf krakkar eru í klúbbum. Meðfylgjandi er dagskrá klúbbsins í febrúar og mars 2021.

- Miðvikudagur 3. febrúar –
Heimsókn frá lögreglunni á Suðurlandi
- Miðvikudagur 10. febrúar –
Salvör Nordal, umboðsmaður barna verður gestur dagsins
- Miðvikudagur 17. febrúar –
Bökunardagur, vöflur og pönnur
- Miðvikudagur 24. febrúar –
Inga sveitarstjóri og Ása Valdís oddviti kíkja í heimsókn
- Miðvikudagur 3. mars – Fatalitun
- Miðvikudagur 10. mars –
Hvað er að fréttast? (búum til fréttainnslög) + leikritagerð/handritagerð (fléttast saman)
- Miðvikudagur 17. mars –
Hvað er að fréttast? (búum til fréttainnslög) + leikritagerð/handritagerð (fléttast saman)
- Miðvikudagur 24. mars
(síðasti hittingur fyrir páska) – Spilað og sungið



Krakkarnir í Frístundaklúbbnum, sem eru mjög áhugasöm og hlakka til starfsins á vorönn 2021.

Magnús Hlynur



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALÐAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

ÖRYGGISNÚMER Á ÖLL SUMARHÚS Á ÍSLANDI

PÖNTNUNARSÍMAR 581 3200

**Hægt er líka að leggja inn pöntun
á sveinn@sumarhus.is
með nafni, kennitölu og síma.**



Landssamband sumarhúsaeygenda hefur haft forgöngu um að koma á
öryggismerkingum á öll sumarhús í landinu frá árinu 2002.

Þetta verkefni er unnið í dag í samvinnu við

Neyðarlínuna og Þjóðskrá Íslands.

Tilgangur verkefnisins er að auka öryggi sumarhúsaeygenda. Algengt er
að í neyðartilvikum fari björgunaraðilar villur vegna ónákvæmra
upplýsinga um slysstað. Öryggisnúmer á sumarhús geta komið í veg fyrir
að mikilvægur tími björgunarliðs fari til spillis í neyðartilvikum. Ennfremur
geta þriðju aðilar með einföldum hætti látið vita ef vá steðjar að og látið
Neyðarlínuna vita ef eigandi sumarhússins er ekki viðstaddur þannig
hægt sé að hafa samband við eiganda sumarhússins.

Allir sumarhúsaeygendur sem ákveða að fara inn í þetta öryggiskerfi
munu fá tvö skilti til að merkja húsið,
innan og að utan.

Stærð skiltanna er 30 x 10 sentimetrar utanhúss og 15 x 5 sentimetrar
innanhúss.

Leiðbeiningar um uppsetningu mun fylgja skiltunum.



Yoga

Vilt þú hlúa að líkama þínum og sál?

Ef svo, þá er jóga kannski eitthvað fyrir þig.
Jóгатímar verða í íþróttahúsinu á Borg í Grímsnesi
Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:30-18:30

Kennslan hefst 2. febrúar nk.

Ekki þarf að skrá sig, heldur eru tímarnir öllum opnir,
jafnt byrjendum sem þeim sem stundað hafa jóga áður,
en hámarksfjöldi í sal miðast við 20 manns.

Vegna Covid ástandsins er æskilegt að hver og einn
mæti með sína jógaðýnu og teppi fyrir slökunina.

Ef einhvern vantar dýnu verða aukadýnur á staðnum.

Hver tími kostar kr. 1.000, en ef tveir mæta úr sömu
fjölskyldu
er 50% afsláttur fyrir annan aðilann.

Frekari upplýsingar veitir Kristín í síma: 8668696 eftir
kl. 16:00

eða á netfangið kristinalbertsdottir@gmail.com

Með kærleikskveðju,
Kristín B. Albertsdóttir
jógakennari

Afhending inneignarkorta fyrir Gámastöðina Seyðishólum

Allir fasteignaeigendur í Grímsnes- og Grafningshreppi sem
greiða sorpeyðingargjöld fá afhent inneignarkort á Gámastöðina
Seyðishólum.

Það er engin krafa um að það verði að sækja kortin fyrir ákveðinn
tíma. Skrifstofa sveitarfélagsins er lokað en hægt er að nálgast
inneignarkort í anddyri Félagsheimilisins Borg á virkum
dögum til 26. febrúar:

Mánudaga – þriðjudaga – fimmtudaga	Milli 13:00 -15:00
Miðvikudaga – föstudaga	Milli 9:00 -12:00

Inneignarkortin verða einnig afhent eftirfarandi helgar:

Laugardaginn 13. febrúar	Milli 10:00 - 16:00
Sunnudaginn 14. febrúar	Milli 10:00 - 16:00
Laugardaginn 27. mars	Milli 10:00 - 16:00
Sunnudaginn 28. mars	Milli 10:00 - 16:00
Laugardaginn 3. apríl	Milli 10:00 - 16:00
Laugardaginn 24. apríl	Milli 10:00 - 16:00
Sunnudaginn 25. apríl	Milli 10:00 - 16:00



Við munum auglýsa síðar afhendingartíma eftir 26. febrúar.
Vert er að benda á að grímuskylda verður við afhendingu
inneignarkortanna og biðjum við alla um að vera með grímur
þegar nálgast á inneignarkortin.

Vinsamlega athugið að hver fasteignaeigandi verður að nálgast
inneignarkort fyrir sína fasteign en viðkomandi þarf að kvitta fyrir
móttöku á kortinu og því verður ekki hægt að senda
inneignarkortin í bréfpósti til fasteignaeigenda. Það er hægt að
koma með undirritað umboð frá öðrum fasteignaeigendum en
það verður að vera klárt við komuna á staðinn.

Á heimasíðu sveitarfélagsins er hægt að nálgast skjal sem þarf
að fylla út og kvitta á til að fá inneignarkortið afhent en hægt er að
flýta fyrir afhendingu með því að koma með skjalið útfyllt. Annars
verða líka blöð á staðnum sem hægt verður að fylla út.

Kortið virkar þannig að þegar komið er á gámasvæðið er
inneignarkortið skannað og starfsmaður á gámasvæðinu tekur út



Gjöf til allra kvenna á Íslandi

SÖFNUN Í TÍLEFNI 90 ÁRA AFMELIS
KVENFÉLAGASAMBANDS ÍSLANDS



Til sölu
hjá kvenfélagskonum víða um land.

Nú einnig til sölu á heimkaup.is
Allur hagnaður af sölu rennur beint í
söfnunina



Omnom súkkulaði 3 pk. 3.500 kr,-



Armband með steinum til í gylltu, silfri og
rósagulli 4.500 kr,-

Armband með áletrun til í gylltu, silfri og
rósagulli 3.500 kr,-



Okkar fjáröflun á þessum
takmarkandi tímum er sala á
bókinni okkar (7.000 kr.)
spilastokkur (2.000 kr.) armbönd
og súkkulaði

Nánari upplýsingar veitir Hildur á
Stóru-Borg eða á netfanginu
kvenfel@gmail.com



af kortinu í samræmi við það magn af gjaldskyldum úrgangi sem verið er að losa sig við. Undir gjaldskyldan úrgang flokkast timbur, málað timbur og grófur úrgangur. Inneignarkortið inniheldur ákveðið magn punkta en hver punktur er 0,25 rúmmetrar. Starfsmaður á gámasvæði metur magn gjaldskylds úrgangs en miðað er við að 0,25 rúmmetrar sé ígildi eins svarts ruslapoka. Þegar inneignin klárast þá er innheimt samkvæmt gjaldskrá en gjald pr. rúmmetra er kr. 6.000,-.

Inneignin á kortinu árið 2021 er:

**-Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði
eða lögbýli fá: 4,5 m³ = 18 punkta**

-Íbúðarhús og lögbýli fá: 10 m³ = 40 punkta

-Fyrirtæki fá: 10 m³ = 40 punkta

Inneignarkortin verða afhent alveg þar til allir hafa sótt sín kort. Staðan í dag er einfaldlega sú að skrifstofa sveitarfélagsins er lokuð vegna þess að hún er staðsett í miðri skólabyggingu og í reglugerð Heilbrigðisráðherra fyrir skólastarf segir að viðburðir sem ekki teljast til kennslu eða náms skulu ekki fara fram í skólabyggingum og að takmarka skuli gestakomur í skólabyggingar. Sveitarstjórn taldi því rétt að hafa skrifstofuna lokaða meðan þessi reglugerð er í gangi. Því er ekki hægt að auglýsa að hægt sé að nálgast kortin á opnunartíma skrifstofu og ekki er hægt að auglýsa afhendingartíma lengra fram í tímann því staðan getur breyst með stuttum fyrirvara. Það verða auglýstir fleiri virkir daga og fleiri helgar eftir því sem lengra líður, þannig að þó þessi tími henti ekki þá verður hægt að nálgast þau á öðrum tíma.

Inneignarkortin verða ekki send með bréfpósti, sveitarfélagið sendi klippikort síðasta árs með bréfpósti og því miður er reynslan af þeim vinnubrögðum slæm og því verða inneignarkortin ekki send þannig. Inneignarkortin eru gerð úr þykku plasti og eru hugsuð sem framtíðareign hverrar fasteignar og því er hugsunin sú að ekki þurfi að nálgast kort aftur nema kortið týnist eða eyðileggist.



Komdu með!

*Göngum mót
hækkandi sól*

ÞÆGILEGAR GÖNGULEIÐIR VÍÐ ALLRA HÆFI ÞAR SEM HVER OG EINN
GETUR RÁÐIÐ HRAÐA OG TÍMALENGD Í NÆRUMHVERFI Í OG VÍÐ BORGARSVÆÐIÐ
FARIÐ VERÐUR FRÁ ÍPRÓTTAHÚSINU KL 16.15 Á ÞRIÐJUDÖGUM FYRSTA
GANGAN ER 2. FEBRÚAR 2021
ALLIR VELKOMNIR
MUNUM AÐ KLÆÐA OKKUR EFTIR VEÐRI.
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR, VIRÐUM TVO METRANA OG ALLAR
SÓTTVARNAREGLUR

KVENFÉLAG GRÍMSNESHREPPS

Tökum að okkur
STÓR og smá verk:
jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com

Opnunartími:

Mánudaga:	09:30-17:30
Þriðjudaga:	09:30-17:30
Miðvikudaga:	09:30-17:30
Fimmtudaga:	09:30-17:30
Föstudaga:	09:30-17:30
Laugardaga:	11:00 -17:30
Sunnudaga:	12:00 -16:00

Tilboð eru auglýst á facebooksíðu
verslunarinnar
www.facebook.com/VersluninMinniBorg
Sími: 551-7509

Hlökkum til að sjá ykkur kæru viðskiptavinir.



Sorphirðudagatal Grímsnes- og Grafningshrepps 2021

● Grátunna (rusl) og Brúntunna (lífrænt) ● Blátunna (pappír) og Græntunna (plast)
● Landbúnaðarplast

Janúar

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Febrúar

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28						

Mars

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

Apríl

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Máí

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

Júní

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

Júlí

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Ágúst

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

September

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Október

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Nóvember

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Desember

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Athugasemdir skulu tilkynnt á terra@terra.is eða í síma 535 2500.
Virðum umhverfið og flokkum mjög vel.



BOLLA! BOLLA!

VIÐ TÖKUM VIÐ PÖNTUNUM
Í SÍMA 482-1007
EÐA Á NETFANGIÐ
GKBAKARI@SIMNET.IS

GK BAKARI



BOLLUDAGUR

15.02.2021



VATNSDEIG

RJÓMI & HINDBERJASULTA

HINDBERJA

KARAMELLU

IRISH COFFE x EIMVERK

ÁSTRÍÐUBOLLAN - MEÐ
ÁSTARALDIN

VERTU BARA HEIMA
GK x SMÍÐJAN BRUGGHÚS

FEITABOLLAN

CROISSANT MEÐ
ÞEYTTUM VANILLUGANACHE
OG NOUGAT

GERDEIG

RJÓMI & HINDBERJASULTA

SEMLA

GERDEIG MEÐ MARSPANI
& KARDIMOMUM

VEGAN

RJÓMI & HINDBERJASULTA

HINDBERJA

SEMLA
MEÐ MARSIPANI &
KARDIMOMMUM

VÍÐ TÖKUM VIÐ PÖNTUNUM
Í SÍMA 482-1007
EÐA Á NETFANGIÐ
GKBAKARI@SIMNET.IS
Austurvegur 31b, 800 Selfoss

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN

Heilsugæslan í Laugarási



Sími stöðvarinnar er 432 2770
Aðalnúmer HSU er 432 2000
Sími Neyðarlínu er 112

Lyfjaendurnýjun er hjá læknaritutum kl. 8:00—9:00
í síma 432 2020

**Aðalfundur Hjálparsveitarinnar Tintron
verður haldinn í húsi sveitarinnar þann
17. mars 2021 klukkan 20:00.**

Dagskrá :

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp og borin undir atkvæði.
3. Ársskýrsla stjórnar.
4. Fjárhagsskýrsla gjaldkera.
5. Umfjöllun ársreiknings og hann borinn undir atkvæði.
6. Inntaka nýrra félaga.
7. Lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar.
9. Kosning uppstillingarnefndar.
10. Kosning skoðunarmanna reikninga.
11. Ákvörðun árgjalds.
12. Önnur mál.
13. Fundarslit

Vonumst til að sjá sem flesta.
Stjórn Hjálparsveitarinnar Tintron.



**Íþróttamiðstöðin
Borg**

Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is